

AKSTURSÍÞRÓTTAÐEILD VESTRA

Jafnréttisstefna deildarinnar



Það er stefna akstursípróttadeildar Vestra (hér eftir nefnt deild) að allir eigi jafnan rétt til þátttöku hjá deildinni og fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti innan deildarinnar er ekki liðið.

Allir einstaklingar innan deildarinnar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði, kynþætti, kynhneigðar, aldurs, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, litarhætti, uppruna, efnahag, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Deildin leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan deildarinnar.

Til að stuðla að jafnrétti innan félagsins leggur deildin áherslu á:

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi deildarinnar og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunum verði ekki liðinn.
- Að veita báðum kynjum jöfn tækifæri til æfinga. Ekki er gerður greinarmunur á drengja- og stúlknaflökkum við útdeilingu æfingatíma og skulu bæði kyn njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.
- Að allir iðkendur eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum flokkum.
- Að gerðar séu sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflökka. Leitast sé eftir því að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu þjálfara og aðstoðarþjálfara hjá félaginu.
- Að þjálfarar njóti sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.
- Að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara.
- Að þess sé gætt við skipan í stjórn, ráð og nefndir að hlutfall kynjanna sé sem jafnast.
- Mikilvægi þess að öllum líði vel í leik og starfi innan deildarinnar og sá grundvallarréttur að fá að vera óáreittur sé virtur. Einelti innan deildarinnar er ekki liðið en lögð áhersla á jákvæð samskipti þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem fordóma gagnvart öðrum (s.s. vegna kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða, þjóðernis eða efnahags), hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins.

Jafnréttisstefna deildarinnar nær til iðkenda, þjálfara, stjórna og starfsfólks. Stefnan gildir í allri starfsemi deildarinnar.

